



153. fundur

sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar

haldinn í Kjarna fimmtudaginn 18. september kl. 13:00

Fundinn sátu:

Margrét Bjarnadóttir, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Árni Pétur Hilmarsson, Heiða Guðmundsdóttir, Nanna Þórhallsdóttir í forföllum Arnórs Benónýssonar, Sigurður Hlynur Snæbjörnsson og Ragnar Bjarnason.

Að auki sat fundinn Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Varaoddviti setti fund. Hún óskaði eftir að bæta á dagskrá undir 5. lið; Ástand malarvega í sveitarfélaginu. Samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

1. Landsvirkjun – kynning
2. Fundarboð Veiðifélags Fnjóskár
3. Ríkissjóður Íslands – kaupsamningur og afsal
4. Sorpsamlag Þingeyinga ehf.
5. Ástand malarvega í sveitarfélaginu

1. Landsvirkjun – kynning

Valur Knútsson verkefnastjóri hjá Landsvirkjun og Jóna Bjarnadóttir mættu til fundarins undir þessum lið og kynntu árangur af verkefnum sumarsins á Þeistareykjum ásamt undirbúningi haustsins og næsta ár.

2. Fundarboð Veiðifélags Fnjóskár

Lagt fram fundarboð Veiðifélags Fnjóskár sem haldinn verður 22. september n.k. í Skógum í Fnjóskadal.

Samþykkt að Ásvaldur Ævar Þormóðsson fari með umboð Þingeyjarsveitar á fundinum.

3. Ríkissjóður Íslands – kaupsamningur og afsal

Fyrir fundinum liggja drög að kaupsamningi og afsali milli Þingeyjarsveitar og Ríkissjóðs Íslands um kaup sveitarfélagsins á eignarhlut ríkisins í skólabyggingum sveitarfélagsins. Aðilar hafa á grundvelli bráðabirgðaákvæðis I. í lögum nr. 91/2008 um grunnskóla, sbr. og 3. gr. laga nr. 77/1996 náð samkomulagi um kaup Þingeyjarsveitar á hlut Ríkissjóðs Íslands í eftirtöldum húseignum stofnanna sveitarfélagsins: Litlulaugaskóla, Hafralækjarskóla og Stórutjarnaskóla. Umsamið kaupverð hinna seldu eignarhluta eru 31 millj.kr.

Í fjárhagsáætlun 2014 er gert ráð fyrir lántöku vegna fyrirhugaðra kaupa á eignarhluta ríkisins að upphæð 30 millj.kr.

Sveitarstjórn samþykkir fyrirliggjandi drög og felur sveitarstjóra að undirrita kaupsamning og afsal eigi síðar en 15. október n.k. Sveitarstjórn samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun 2014 að fjárhæð 1 millj.kr. til hækkunar á fjárfestingu eignasjóðs sem mætt verður með lántöku.

4. Sorpsamlaga Þingeyingar ehf.

Á hluthafafundi Sorpsamlags Þingeyinga ehf. þann 25. júlí s.l. var samþykkt að slíta samstarfi sveitarfélaga í Sorpsamlaginu og lagt til að eigendur yfirtækju skuldir félagsins við Lánasjóð sveitarfélaga í hlutfalli við upphaflegan eignarhlut í félaginu.

Heildarskuld við lánasjóðinn er 310 millj.kr. Eignarhluti Þingeyjarsveitar í Sorpsamlagi Þingeyinga ehf. er 21,46% og yfirtaka skulda sveitarfélagsins nemur því 66,5 millj.kr.

Sveitarstjórn samþykkir yfirtöku skulda Sorpsamlags Þingeyinga ehf. vegna ábyrgðar við Lánasjóð sveitarfélaga í hlutfalli við upphaflegan eignarhlut Þingeyjarsveitar í félaginu. Sveitarstjórn samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun 2014 að fjárhæð 66,5 millj.kr. vegna yfirtöku langtímalána frá Lánasjóði sveitarfélaga. 32,2 millj.kr. færast til gjalda á hreinlætismál og 34,3 millj.kr. fara til lækkunar á skammtímaskuldum aðalsjóðs.

5. Ástand malarvega í sveitarfélaginu

Víða í sveitarfélaginu fá fjölfarnir malarvegir lítið sem ekkert viðhald. Þessir vegir eru grýttir og holóttir og ástand þeirra víða óviðunandi. Vegagerðin ber því við að það fjármagn sem ætlað er til viðhalds vega sé lítið og vegir með bundnu slitlagi sitji fyrir. Sveitarstjórn samþykkir eftirfarandi ályktun vegna slæms ástands malarvega í sveitarfélaginu.

„Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar hefur þungar áhyggjur af ástandi og viðhaldi malarvega í Þingeyjarsveit og telur að slæmt ástand þeirra ógni umferðaröryggi íbúa og annarra vegfarenda, ber þar helst að nefna Bárðardalsveg vestri nr. 842 og Útkinnarvegur nr. 851. Sveitarstjórn skorar á fjárveitingavaldið og yfirvöld samgöngumála að auka fjármagn til þessar vega og bæta þjónustu við þá.“

Sveitarstjóra falið að senda ályktunina til Vegagerðar ríkisins, Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, Fjárlaganefndar Alþingis, innanríkisráðherra, fjármálaráðherra, og þingmanna Norðaustur kjördæmis.

Lagt fram til kynningar:

- a) Fundargerð aðalfundar Menningarmiðstöðvar Þingeyinga
- b) Fundargerð aðalfundar Atvinnueflingar Þingeyjarsveitar ehf.
- c) Ályktun Samtaka ungra bænda um varðveislu landbúnaðarlands
- d) Bréf frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga

Fleira ekki gert og fundi slitið 15:35

Margrét Bjarndóttir

Ásvaldur Ævar Þormóðsson

Árni Pétur Hilmarsson

Nanna Þórhallsdóttir

Heiða Guðmundsdóttir

Sigurður Hlynur Snæbjörnsson

Ragnar Bjarnason